

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (KK, AGI).

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er verði 3. grein, svo hljóðandi:

Fyrirtæki og stofnanir, er reka starfsemi, sem nær til landsins alls, svo sem skipafélög, heildsölufyrirtæki, útflutningssamtök, tryggingarfélög, verzlunarstofnanir ríkisins og þau fyrirtæki önnur, sem ráðuneytið úrskurðar að samkvæmt eðli málsins falli undir þessi ákvæði, skulu skyld til að greiða landsútsvar, en renni í jöfnunarsjóð sveitarfélaga, og skiptist heildarupphæð landsútsvaranna milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu þeirra, þó fái heimasveit 10% af útsvarsupphæðinni áður en til skipta kemur.

Samband islenskra sveitarfélaga skipar 5 manna nefnd, er annast niðurjöfnun landsútsvara, en félagsmálaráðuneytið sér um innheimtu þeirra.

Þau fyrirtæki, sem gjaldskyld eru um landsútsvar, skulu ekki skyld til að greiða sveitarútsvar.
2. Við 5. gr. Upphaf c-liðar orðist svo:

Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir:

Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu.

Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn, en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna.

Veltuútsvarið leggst á, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar, þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, er nú greinir o. s. frv.
3. Við 6. gr.
 - a. Í stað 1. málgr. c-liðar komi þrjár málsgreinar, svo hljóðandi:

Um útsvör af veltu fer samkvæmt því, sem hér segir:

Gjaldendum, sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, má gera að greiða útsvar af veltu þeirra, en velta telst heildarsala vöru, vinnu og þjónustu.

Samvinnufélög greiða eftir sömu reglum og aðrir veltuútsvar af þeim rekstri, sem ekki er aðgreindur í skipti við félagsmenn og utanfélagsmenn, en þegar um er að ræða þætti starfseminnar, þar sem slík sundurgreining á sér stað, greiðist veltuútsvarið aðeins af viðskiptaupphæð utanfélagsmanna.

Veltuútsvarið leggst á, áður en frá eru dregin nokkur gjöld vegna starfseminnar.
 - b. Aftan við 1. málgr. c-liðar bætist:

þar með talin hvers konar opinber gjöld, önnur en þau, sem nú greinir:

 1. Söluskattur skv. b-lið 22. gr. III. kafla laga nr. 100/1948, sbr. lög nr. 82/1957.
 2. Gjald til útflutningssjóðs skv. 20. gr. laga nr. 86/1956, sbr. nú 40. gr. laga nr. 33/1958.
 3. Gjald af innlendum tollvörutegundum skv. lögum nr. 60/1939.
 4. Skemmtanaskattur skv. 1. tölulið 2. gr. laga nr. 56/1927.
 5. Gjald af kvikmyndasýningum skv. lögum nr. 28/1952.
4. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Sýslunefndir skulu vinna að samræmingu á reglum við niðurbjöfnun útsvara í hreppum hver í sínu umdæmi.
5. Á eftir 7. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Samanlögð upphæð veltuútsvara má ekki í neinu sveitarfélagi vera hærri en sem nemur 15% af heildarupphæð álagðra útsvara þar.

EKKI má leggja hærri veltuútsvar á gjaldanda en svo, að samanlögð upphæð tekjuskatts, tekjuútsvars og veltuútsvars nemi 65% af hreinum tekjum hans.
6. Við 8. gr.
 - a. Aftan við 1. málgr. bætist:

svo og sala áburðar, fóðurvöru, salts og veiðarfæra.
 - b. Ný málsgrein, svo hljóðandi, komi á eftir 1. málgr.:

Af umboðsviðskiptum, þ. e. útvegum á vörum gegn umboðslaunum og vinnslu og sölu á innlendum vörum í umboði framleiðenda eða eigenda, reiknist veltuútsvarið aðeins af umboðslauninum og ekki hærri en 2%.